

Nd.

## **204. Frumvarp**

til laga um verðlag.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogli.

Frá 16. maí 1913 skulu öll gjöld, sem ákveðin eru í landaurum eða álnatali eftir verðlagsskrá, reiknuð til peninga eftir meðalverði í verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í hverri sýslu fyrir sig um síðastliðin 10 ár, 1903 — 1913. Við útreikning meðalverðsins skal  $\frac{1}{2}$  eyrir og stærra brot talinn sem heill, en minna broti skal slept. Stjórnarráðið gefur út hinar nýju verðlagsskrár, og skulu þær prentaðar í A.-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 6. nóvbr. 1897 um undirbúning verðlagsskrá, og lög 13. septbr. 1901 um viðauka við tjeð lög.